

Djúpavogshreppur  
b.t. Gauti Jóhannesson  
Bakki 1  
765 Djúpavogi

**Tegund skoðunar:** Reglubundin skoðun 18.9.2018

**Staðsetning skoðunar:** Aðalskrifstofa

**Deild:**

**Eftirlitsmaður:** Bergþóra Hlín Arnórsdóttir

**Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:**

Anna Sigrún Gunnlaugsdóttir, starfsmaður.

### **Upplýsingar tengdar heimsókn:**

Reglubundin skoðun, bent á mikilvægi þess að endurskoða áhættumat reglulega og afhent áhættumatseyðublað fyrir lítil fyrirtæki til útfyllingar á vinnustaðnum.

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið.

**Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [bergthora@ver.is](mailto:bergthora@ver.is).**

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Taka skal með í áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir þau atriði sem athugasemdir eru gerðar við í þessari skýrslu. Þó geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

### **Kynning**

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

**Athugasemd 1 - Verkstöðvar - líkamlegt álag/líkamsbeiting**

Lýsing & mat á aðstæðum:

Í afgreiðslu er stórt vinnuskrifborð þar sem er niðurfellt svæði fyrir lyklaborð og tölvumús þarf að vera til hliðar sem veldur óheppilegri vinnustellingu starfsmanns. Ekki er hægt að stilla hæð á skrifborði.

Upplýst er að ákveðið hefur verið að endurnýja vinnustól en núverandi stóll er gamall.

Þar sem er unnið er meirihluta dags við skrifborð (meira en 3-4 tíma í senn) er mikilvægt að starfsmaður hafi tækni á að breyta um vinnustöðu þannig að hann geti unnið með beint bak, slakar axlir og olnbogana sem næst líkamanum. Ef mikið og langvarandi álag er á liði í strekktri, beygðri eða snúinni stöðu er hættu á heilsutjóni. Röng líkamsbeiting getur valdið álagi á hreyfi- og stöðkerfi s.s vöðvabólgu og liðverkjum.

Fyrirmæli

Tryggja skal heppilegt vinnuskipulag, búnað og vinnuhæð fyrir starfsmenn sem vinna meginhluta vinnudags í ákveðinni líkamsstöðu. Útvega skal búnað sem hentar til vinnu þar sem unnið er meginhluta dags við skrifborð, hvort sem er sitjandi eða standandi.

Veittur frestur:

31.10.2018

Lög & reglur:

498/1994: Reglur um skjávinnu, 3.-5. gr.

Leiðbeiningar:

Við mat á aðstæðum er hægt styðjast norræna matskerfið sjá leiðbeiningarit nr. 18 Líkamlegt álag við vinnu: Vinnustellingar, þungar byrðar og einhæfar hreyfingar.

**Athugasemd 2 - Öryggi**

Lýsing & mat á aðstæðum:

Aðgengi að skjalageymslu á efri hæð er slæmt, op er á háloft af skrifstofu. Setja þarf upp stiga sem er að sögn starfsmanns of stuttur og því þarf að teygja sig til að komast upp á loftið, Fara þarf upp á loftið og sækja gögn nokkrum sinnum á ári.

Mikilvægt er að tryggja öryggi og fara sérstaklega varlega með lausa stiga vegna þess að mörg slys og óhöpp hafa fylgt notkun þeirra.

Ábending

Stigum sem lagðir eru upp við vegg þarf að ganga frá á öruggan hátt, festa hann tryggilega að ofan eða láta hann ná 1 meter upp fyrir þann flöt sem hann er lagður að ef hann er notaður sem aðgangsléið. Stigi þarf að halla rétt eða u.þ.b. 75° og sjá þarf til þess að hann geti ekki runnið til.

Lög & reglur:

581/1995: Reglur um húsnæði vinnustaða

Leiðbeiningar:

Fræðslu- og leiðbeiningarit Vinnueftirlitsins nr: 1/1991. Um lausa stiga, tröppur og búkka.

### Athugasemd 3 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Við hlið afgreiðsluborðs eru margar lausar snúror á gólfinu. Upplýst er að fyrir nokkru hafi verið í gangi vinna við tengingar en ekki hafi verið gengið frá eftir það.

Lausar snúror geta valdið slyshættu þar sem hættu er á að starfsmenn hrasi um snúrornar þegar þeir eru við vinnu sína. Mikilvægt er að gæta þess að umgengi sé góð á vinnustöðum til að forðast fallhættu.

Ábending



Ganga þarf frá snúrum við afgreiðsluborð vegna þess að lausar snúror geta valdið slyshættu.

Lög & reglur:

581/1995: Reglur um húsnæði vinnustaða

**Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [bergthora@ver.is](mailto:bergthora@ver.is).**

20/9'18 Bergþór Amórsson



Dagsetning og undirskrift eftirlitsmanns

### Andmælaréttur

Samkvæmt 13. gr. stjórnvísulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um nefni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnueftirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Frestur til andmæla á ekki við ef vinna er bönnuð, starfsemi stöðvuð eða gefin eru fyrirmæli um tafarlaugar úrbætur skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 og taka slíkar ákvarðanir gildi strax.

### Áfrýjun úrskurða

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnueftirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 46/1980 frestar kæra á ákvörðunum Vinnueftirlitsins samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laganna ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi.